

Ed. 815. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [96. mál]

i málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að leyfi til fjárfestingar til bygginga almennt verði rýmkað eftir því sem þörf er á og tiltækilegt þykir og að framkvæmd 5. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 verði nú þegar með þeim hætti, að leyfðar verði hindrunarlaust byggingar hagkvæmra smábúða og aðrar minni háttar byggingar, svo sem útihús í sveitum, verbúðir o. fl., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.